


Opið bréf til sveitastjórna og allra annarra sem láta sig málið varða. Áframsendist að vild. Skrifað 22.4.2025


Vindorkuver

Nú liggja fyrir til umsagnar 10 virkjanakostir vindorku á Samráðsgátt stjórnvalda.

Alviðra í Borgarbyggð með 14 túrbínur. Sólheimar í Dalabyggð með 21 – 29 túrbínur. Hrutavirkjun í Hrutafirði með 12 – 15 túrbínur. Garpsdalur í Reykhólahreppi með 21. túrbínu. Hnotasteinn í Norðurþingi með 30 túrbínur. Mosfellsheiðarvirkjun I og II í Mosfellsbæ með allt að 30 túrbínur. Reykjanesgarður í Grímsnesi og Grafningahreppi og í Ölfusi, með um 12 túrbínur á Reykjanesi. Vindheimavirkjun í Hörgársveit með allt að 12 túrbínur. Samanlagt eiga þessar virkjanir að gefa um 1.000 MWh eða 1 GWh daglega ef allir spaðar hreyfast án áfláts allan sólahringinn. Til fróðleiks má geta þess að sex af þessum virkjunum eru á virku sprungu- og eldvirknisvæðum.



Kort 1. Staðsetning virkjana 1



Kort 2. Sprungu- og eldvirknisvæði 2

Jöfnunarorka tekur við af vindorkuverunum þegar þau, af einhverjum ástæðum geta ekki gengið, svo sem í of miklum vindi, í of litlum vindi, í miklu frosti þegar ísing myndast á spöðunum og meðan verið er

að afísa spaðana eða af öðrum orsökum. Jöfnunarorka tryggir að rafmagnskerfið sé alltaf í jafnvægi þó orkugjafarnir sveiflist. Þessi orka verður alltaf að vera til staðar til að taka við þegar spaðarnir geta ekki gengið. Jöfnunarorkan er fengin frá vatnsaflsvirkjunum eða jarðolíu. Íslenska ríkið/Landsvirkjun sér svo um að veita jöfnunarorku sem vindorkufjárfestar fá á umsömdu verði. Það er ekki hlaupið að því að fá jöfnunarorkuna og þýðir það meiri uppbyggingu á kostnað ríkis eða meiri olíukaup til landsins. Vindorkufjárfestar selja síðan jöfnunarorkuna á margföldu verði til notenda, enda eru þeir að þessu til að græða.

Samkvæmt útreikningum á nýtingu vindorkuvera má reikna með að hún sé að meðaltali um 24-50%. Það þýðir að jöfnunarorkan þarf að geta tekið við 50-76% orkuframleiðslu. Því meiri nýtni, því meiri slit á túbínunum og spöðum hennar og þar með styttri endingartími. Samkvæmt útreikningum í danskri grein frá febrúar 2025, kostar \$200.000 að taka eina túrbínu niður, þá er ekki tekið með, undirstöður, flutningur og urðun/niðurbrot.

Eignarhald á 90% þessara vindorkuvera er í höndum erlendra fjárfesta. Þeir fá styrki frá EB auk þess sem þeir fá lán erlendis og hafa fengið lán í því landi sem þeir eru að setja orkuverin upp, sem mundi vera hjá íslenska ríkinu? Vegagerðin ætlar ekki að byggja þungaflutningavegi upp á hálendi, yfir votlendi, jarðir og beitolönd, allt eftir staðsetningu vindorkuveranna sem taka yfir mörg hundruð hektara lands, það þarf því innflutt vinnuafli ef það á að verða að veruleika. Land sem verður að iðnaðarsvæði. Flutningskerfið er ekki í neinu standi til að flytja orku, hvorki til eða frá öllum virkjunaáforunum enda þarf að uppfæra kerfið til að anna núverandi flutningi. **Kostnaðinn má telja í tugum milljarða og fellur hann trúlega á íbúa með gjöldum og himinháum orkureikningum.**

Í löndum Evrópu er litið á vindorkuna sem **neyðarlausn** þar sem ekki er hægt að komast í aðra orku eins og vatnsafl eða jarðvarma sem telst til grænna orkugjafa. Því ætti að spyrja sig hvers vegna erum við á Íslandi að leyfa vindorkuver þegar við erum með 95% græna orku? Við landsmenn sitjum uppi með Orkupakkana 3 sem stjórnvöld þessa lands samþykktu án fyrirvara og ruddu með því leiðina fyrir erlenda aðila að eignast orkuna okkar og hasla sér völl hér. EB er því með styrki sem lukkuriddarar vindorkunnar geta fengið til að vera með í „orkuskiptunum“ og græða án þess að þurfa eigið fé. Við, skattborgarar munum fá reikninginn. Vindorkuverin endast mjög stutt miðað við önnur orkuver, 15-20 ár eru fljót að líða. Sveitarfélögin geta þá verið nokkuð viss um að viðhaldi á túrbínum er ábótavant, olíuleki, örplast og brotnir spaðar á jörðu. Fjárfestarnir eru á bak og burt með gróðann en sveitarfélögin þurfa að kosta niðurrif og förgun á risavöxnum möstrum og spöðum ásamt vélarhlutum.

Í nágrannalöndum okkar eins og t.d. Noregi og Svíþjóð eru sveitarfélög hætt að verða við áreiti fjárfesta. Þau hafa tekið þá stefnu að vindorkuver eru það skaðleg vistkerfinu öllu og íbúum að þessi svokallaða „græna orka“ á ekki erindi í þeirra byggð. Það hafa ekki skapast ný störf, fasteignir hafa fallið í verði, ferðapjónustan flytur burt ásamt ferðamönnum og íbúar flytja úr sveitarfélaginu. Hávaðamengun, sjónmengun, fugladauði og fjarvera villtra dýra eru þær sýnilegu breytingar sem eiga sér stað strax.

Áhrif vindorkuvera á ferðapjónustuna

2 milljónir ferðamanna koma til Íslands á ári og má reikna með því að 80% komi einvörðungu til að upplifa ósnortna náttúru. Náttúran verður ekki ósnortin ef þessi vindorkuver rísa. Friðsæl feðurð verður þá rofin af vélamengun á gígantískum skala. Ekkert verður sem áður, vinsælar ferðir um hálendið, að fossum, um hraun og víðáttu, að skoða skriðjökla og fara á hestbak í sveitasælunni að upplifa norðurljósin, borða góðan mat á veitingastöðum og njóta kyrrðar í baðlónum, allt farið og vindorkuver á ljósmyndunum. Öll sú uppbygging sem átt hefur sér stað um land allt til að taka á móti ferðamönnum verður þá lítið annað en skuld eða tapað fé.

Áhrif vindorkuvera á landbúnað

Í dag erum við með viðurkennt vistvænt lambakjöt sem er stolt bænda. Örplast, flúor og Bisfenól A ásamt öðru eitri í umhverfinu mun koma í veg fyrir að bændur geti selt kjötið sem vistvænt. Túnin, lækirnir og beitolöndin verða menguð. Vinnuvélar munu þurfa að nota rafmagn sem verður margfalt dýrari orkugjafi en nú er. Hæpið að bændur geti haldið úti matframleiðslu til lengdar. Ilræktendur, sem

eru þegar farnir að strögla vegna hás orkuverðs, geta ekki haldið framleiðslu áfram. Nú þegar það er sýnt að við þurfum að vera þess búin að þurfa að vera sjálfbær með matvælaframleiðslu er því mikið í húfi.

Áhrif vindorkuvera á náttúruna

Fugladauði er talsverður og miðað við hvar fyrirhugað er að reysa vindorkuver þá eyðum við sjálfsagt íslenska hafarnarstofninum. Mengunin frá spöðunum einum menga jarðveg og grunnvatn þannig að ekki verður hægt að endurheimta landið til ræktunar eða skepnuhalds og ekki hreinsa grunnvatnið.

Áhrif á líf og heilsu manna og dýra

Hljóðmengunin og ljósaflökkið hefur slæm áhrif á dýr og menn. Hreindýr eru sérlega viðkvæm fyrir hljóðum frá vindorkuverum og fælast burt.

Hætta á enn einu stórslysi !

Vindorkuver hafa truflandi áhrif á flug og skal þá t.d. nefna sjúkraflug, kennsluflug, flug lítilla flugvéla og því áætlunarflug milli landshluta.

Spurningar sem sveitarfélög þurfa að íhuga:

Þar sem þarf hvort eð er að skaffa vindorkuverum jöfnunarorku, hvers vegna ekki að nýta hana frekar beint og sleppa vindorkuverum?

Hvaða kosti hefur vindorkuver?

Svar: Enga ef tekið er tillit til mengunarinnar sem þau valda. Veðráttan á Íslandi er þess eðlis að spaðar túrbínanna koma ekki til með að endast lengi og mengunin frá þeim meiri en á mörgum öðrum stöðum, nefna má sandrok, moldrok og ísingu.

Munu íbúar og fyrirtæki flytja sig um set ef vindorkuver rísa?

Svar: Já, þetta hefur gerst í mörgum norskum og sænskum sveitarfélögum. Fasteignaverð hefur fallið um 15-30% innan svæða þar sem sést og heyrist í vindorkuveri. Hljóðmengun hefur slæm áhrif á dýr og menn sem hefur áhrif á lýðheilsu. Margir flytja úr sveitarfélögum. Bændur selja jarðirnar á slíkk þar sem þær eru ónothæfar til ræktunar og beitu vegna plastmengunar, epoxy og Bisfenol A eitri auk frostlögmengunar sem notaður er við afísun. Á þeim stöðum sem halda úti ferðaþjónustu, hefur hún dregist saman og mörg fyrirtæki lagt upp laupana.

Skapast störf við vindorkuverin?

Svar: Vindorkuver skapa mjög fá störf og þau eru mjög dýr.

Hvers virði er landsvæðið eftir að því hefur verið breytt í iðnaðarsvæði?

Svar: Ræktunarland, mýri, mólendi og vatnasvæði eru mikilvæg vistkerfi og jafna koldíoxíð. Landsvæðið verður ónothæft til ræktunar, sem fuglasvæði, eitrið fer í allt vistkerfið, vatnið og að lokum í mannfólkið. Skemmdirnar á náttúrunni eru ekki afturkræfar þó möstur og spaðar séu tekin niður. Steyptar undirstöður og stál, þungaflutningavegir og sár eftir flutningsskurði, mengun í jarðlögum og grunnvatni, allt verður það eftir.

Hvað fær sveitarfélagið í staðinn fyrir að leyfa vindorkuver í sínu sveitarfélagi?

Svar: Engin stefna finnst hjá stjórnvöldum og sveitarfélögum um skatt á landi og byggingum. Orkufrek fyrirtæki í sveitarfélaginu þurfa örugga orkugjafa. Vindorkan er ekki stabill orkugjafi. Ferðaþjónustan leggst af eða flytur annað. Stór svæði innan sveitarfélagsins verða ónýtt vegna hávaða, vindkviða og ískasti á veturna. Orkukostnaður eykst vegna óöruggs orkugjafa og dýrari jöfnunarorku sem sveitarfélagið kaupir af vindorkufyrirtækinu. Vindorkufyrirtækin eru með ódýran vinnukraft á sínum snærum til að kom og kíkja á aðstæður að meðaltali 1 sinni í mánuði.

Hvar á að farga/urða spaðana og túrbínurnar þegar þær hætta að virka?

Svar: Efnið í spöðunum er sprautað með epoxy sem inniheldur 33% af Bisfenol A, auk flúors og annara eitraðra efna og er enn ekki hægt að endurvinnna. Það eru litlar líkur á því að spaðar og túrbínur verði flutt með skipum til annarra landa til förgunar með tilheyrandi kostnaði. Það er mikil mengun af spöðunum og því ekki ráðlegt að urða þá. Þetta er að verða stórt mengunarvandamál á jörðinni og erum við nú þegar búin að menga nóg með örplasti og eiturefnum. Það er þekkt fyrirbæri að vindorkufyrirtækin skrá sig gjaldþrota til að þurfa ekki að taka möstrin miður og farga spöðum.

Hverjir borga vegagerð, flutningskerfið og allt annað sem leggst til?

Svar: Skattborgarar.

Við þrjú undirrituð erum félagar í Landvernd og fb hópnum Mótvindur Ísland, viljum vekja ykkur til umhugsunar og biðja ykkur að vega og meta staðreyndir. Ekki er hollt að líta á málið út frá staðhæfingum gróðavonar vindorkubarónanna.

Við íbúar í þessu landi eigum að taka ákvarðanir sem munu hafa áhrif á komandi líf í landinu. Við "eigum" ekki þetta land, við höfum það að láni frá framtíðar kynslóðum og ber að fara vel með það. Gefum barnabörnunum okkar og þeirra afkomendum möguleika í þessu fagra og gefandi landi.

Með vinsemd og virðingu

Anna Sofía Kristjánsdóttir

Jóna A Imsland

Hákon Jóhannesson

Hér að neðan kemur svo dálítið af ítarefni máli okkar til stuðnings, við viljum sérstaklega benda á skýrslu sem Norðmaðurinn Sveinulf Vágene gerði fyrir Mótvind Ísland:

https://orkanokkar.is/wp-content/uploads/2025/04/Iceland-hearing-of-ten-windpower-projects_Final.pdf

Ítarefni

[Skjeberg, Vindkraft | Folket sier nei - vindkraftplaner møter massiv motstand i Skjeberg](#)
[Turbinblad falt ned – vindkraftanlegg stengt – NRK Trøndelag – Lokale nyheter, TV og radio](#)
[Batterifabrikk, Batteri | Den svenske batteriprodusenten Northvolt har begjært seg konkurs](#)
[Vindkraftens gigantiska förluster - Christian Steinbecks föredrag i Riksdagen](#)
[Forskning viser at vindkraft påvirker dyrelivet](#)
[Quarry Products Supplied to Wind Farm | Corlacky | FP McCann](#)
[Så stor förlustaffär är vindkraften — Forskaren Christian Sandström förklarar](#)
[Dunkelflaute zeigt: Die Energiewende ist gescheitert](#)
[Ingeniør: Vindkraft kan aldri bli lønnsomt – Document](#)
[How Long Do Wind Turbines Last? Average Lifespan Explained - Energy Follower](#)

Kynning í „Riksdagen í Stockholm“

Nokkrar glærur frá kynningu Christians Steinbeck (Hagfræðingur með sérfræðipækkingu í fyrirtækjarekstri) í þinghúsi Svíþjóðar

Resultat 2017 – 2023 (Mdr)

50,6 Försäljning
- 68,3 Kostnader
- 17,8 Förlust

35% Förlust

*Konsekvens: staten kommer att behöva ta
över*

Mynd 1

Glæran sýnir að kostnaður við vindorkuver er meiri en arður. Kostnaður er 68,3 milljarðar Skr en arður af orkusölunni 50,6 milljarðar. Tapið er því 17,8 milljarðar. Fyrir vindorkufyrirtækin gerir það ekki mikið til þar sem þetta eru lán sem þarf ekki að borga til baka, fyrirtækð gerir sig gjaldþrota og ríkið þarf að yfirtaka vindorkuverið. Arðurinn af raforkuverði fór úr landi og eftir standa skuldirnar. Athygli er vakin á því að hér eru tölur í sænskum milljörðum.

Baserat på de sista tre årens resultat, när har man tjänat in sin investering?

Region	Investering	År att tjäna in sin investering
Götaland	43 Mdr	166 år
Svealand	17 Mdr	Aldrig
Norrland	120 Mdr	Aldrig

Man har satsat nästan 300 miljarder på vindkraft i Sverige

Mynd 2

Glæran sýnir hvenær lánin sem vindorkufyrirtækin fá í hendur, verði borguð til baka. Eins og fram kemur þá eru sára litlar líkur að lánveitandi fái peningana til baka. Dæmi: Ríkislán 43 milljarðar greiðist niður á 166 árum. Við vitum öll að vindorkuverin endast varla í 20 ár svo þetta eru tapaðir peningar.

Pågående konkurser

Markbygden Ett	179 verk	200 meter	Driftstart: 2019
Aldermyrberget	17 verk	230 meter	Driftstart: 2020
Överturingen	56 verk	220 meter	Driftstart: 2021

De anläggningar som är ca 20 år gamla börjar avvecklas

Markbygden kostade 8 miljarder kronor
Utlovad produktion: 2 076 GwH / år
Faktisk produktion: 1 700 GwH / år

Utlovad produktion överstiger faktisk med i snitt 39% enligt Energimyndighetens data

Mynd 3

Glæra 3 sýnir dæmi um vindorkuver sem skráð eru gjaldþrota. Peningarnir/lánsfé farið úr landi og eftir stendur vindorkuver sem ríkið/sveitarfélagið þarf að taka við með öllum þeim kostnaði sem fylgir, eða láta taka það niður á eigin reikning.

Einnig kemur fram að landnámið eitt og sér kostar 8 milljarða Skr. Munurinn á áætlaðri orkuframleiðslu og eiginlegri orkuframleiðslu er um 376 GwH/ár. Þegar vindorkufyrirtækin segjast ætla að framleiða 2 GwH má búast við að raunin verði allt önnur.


Balanseringskostnader

- Vattenkraften låter vattnet rinna rakt genom dammluckorna
- Vindkraften får betalt för att inte snurra
- Oljekraftverk får betalt för att vara redo att köra igång
- Kärnkraftverk får betalt för att stänga av när det blåser

Hela utbyggnaden av batteriindustrier är en balanseringskostnad för vind och sol

Mynd 4

Glæra 4 tekur saman hvernig orku er sóað til að ná sem mestum arði. Það þarf viðbótar orku (jöfnunarorku) til að taka við þegar vindur blæs og mikið eða of lítið. Jöfnunarorkan er dýr, sérstaklega þegar hún er seld vindorkuverum sem nýta hana illa en selja hana á margföldu verði til baka til sveitarfélagsins. Flutningskerfið getur ekki tekið við umframorku og því þarf að stoppa spaðana. Hvort sem þeir snúast eða ekki, fær vindorkufyrirtækið alltaf borgað. Flutningskerfið er hluti innviða eins og vegakerfið sem skattborgarar greiða.



Mynd 5

Glæra 5 sýnir að orkupörf í Svíþjóð hefur farið **minnkandi** vegna betri húsnæðis, sparsamari vélabúnaðar og tækninýjunga. Það að við þurfum alltaf meiri orku er búið til af þeim sem eru í sölugeiranum.

De gröna
jobben som
försvann

Inga anställda i de 200
anläggningar vi
granskat



Mynd 6

Glæra 6 sýnir fram á að engin störf skapast í sveitarfélaginu í tengingu við vindorkuver. Sveitarfélögum er talin trú um að fyrirtæki munu flykkjast til svæðisins þegar orkuverið er komið á laggirnar en svo virðist ekki ver erlendis þar sem vindorka er bæði óstabil og dýr. Orkufrek fyrirtæki flytja úr landi (Þýskaland, Noregur og Svíþjóð).



Vindkraft och
fastighetsvärde



Mynd 7

Glæra 7 sýnir að um leið og reist hafa verið vindorkuver í eða við byggð falla fasteignir í verði.

Förlorade fastighetsvärder

KTH-professorerna Hans Westlund och Mats Wilhelmsson:

- Fastighetsvärdet minskar exponentiellt med avståndet
- Inom 2 kilometer minskar värdet 19-23%
- Inom en kilometer är marknaden död

Detta gäller verk på högst 190 meters höjd

Mynd 8

Á glæru 8 má sjá að fasteignaverð í sveitarfélögum í Svíþjóð og Noregi hafi lækkað um 19-23% eftir að vindorkuver voru reist innan sveitarfélagsins eða í um 2 kílómetra fjarlægð frá byggð.

Förlorade fastighetsvärden

"På natten sätter jag på radion för att överrösta ljudet från rotorbladen."

"På natten blixtrar det varannan sekund, på dagarna susar skuggorna genom huset."

"Marken under några av verken är svart av olja."

"Jag köpte huset för att jag är jägare. Innan vindkraftverket kunde det stå 15-20 dovhjortar på åkern."

"När det blev klart att vindkraft skulle byggas sålde alla tre bönderna sina gårdar"

Mynd 9

Glæra 9 telur upp nokkrar ástæður fyrir því að íbúar flytja. Falleg sveit breytist í iðnaðarsvæði með tilheyrandi hávaða dag og nótt. Blikkandi ljós og spaðaflokti sem truflar svefn og einbeitingu auk þess sem þau fæla öll dýr frá svæðinu. Jörðin umhverfis möstrin er ötuð olíu frá túrbínunum. Veiðimaður keypti sér hús nálægt beitilandi hreindyra sem hurfu jafn skjótt og vindorkuverið var reist. Bændur fréttu að það ætti að byggja vindorkuver og seldu jafn óðum jarðirnar, enda ónothæfar fyrir ræktun og beitu.

Bolån

Vi kan tyvärr inte bevilja bolån mot din fastighet Smedjebacken [REDACTED] då det råder osäker kring värdet på säkerheten för lånet. Som det framgår av fastighetsvärderingen den 7 september av [REDACTED] på Fastighetsbyrån kan värdet på fastigheten förändras mycket av vindkraftsparken. Fastigheten utgör säkerheten vid bolån och värdet är därav viktigt.


Med vänlig hälsning

[REDACTED]
Kontorschef
Handelsbanken Borlänge

Mynd 10

Að lokum er hér glæra 10 sem sýnir bréf frá banka sem vilja ekki veita íbúum húsnæðislán í sveitum þar sem reist hafa verið vindorkuver. Húsnæðið hefur ekki lengur sama verðgildi og er því ekki lengur örugg fjárfesting fyrir bankana.

[Forhåndsvis YouTube-videoen Vindkraftens gigantiska förluster - Christian Steinbecks föredrag i Riksdagen](#)



[Vindkraftens gigantiska förluster - Christian Steinbecks föredrag i Riksdagen](#)

Forhåndsvis YouTube-videoen Så stor förlustaffär är vindkraften — Forskaren Christian Sandström förklarar



Vindorkuver eiga ekki heima á Íslandi !